


KOLLA OG KÚLTÚRINN

kolbrun@24stundir.is

Að spyrja rithöfund um skoðun hans á gagnrýnanda er eins og að spyrja ljósastaur hvað honum finnist um hunda.


Christopher Hampton.





Djarfir litir

Davíð Örn Halldórsson opnar einkasýningu sína absalút gamall kastale í Galleríi Ágústi laugardaginn 12. janúar kl. 16.
Davíð Örn er þekktur fyrir að nota djarfa liti og óhefðbundin efni í verk sín svo sem bílalakk, olíupastel og úðabrúsalakk. Hann málar gjarnan á fundið efni, oftast viðarplötur en einnig vinnur hann beint á veggi og vinnur m.a. stóra veggmynd beint á veggi gallerísins á þessari sýningu.



Lóan í Hafnarhúsinu

Sýning Steingríms Eyfjörð, Lóan er komin, sem var framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins í fyrra, stendur nú yfir í Hafnarhúsinu.
Innsetning Steingríms Eyfjörð vakti mikla athygli á Feneyjatvíæringnum og var af sumum talin meðal hápunkta tvíæringsins. Í kjölfar hennar var Steingrími boðinn samningur við virt gallerí í New York þar sem hann verður með sýningu í vor.
Innsetningin í Hafnarhúsinu samanstendur af 13 sjálfstæðum verkum; ljósmyndum, skúlptúrum, textum, teikningum, myndböndum og öðrum miðlum.
Sýningarnar standa báðar til 2. mars.

Ljóðaslamm í Borgarbókasafninu

Borgarbókasafn Reykjavíkur, í samstarfi við ÍTR, ætlar að standa fyrir svokölluðu ljóðaslammi á Vetrarhátíð 2008.
Ljóðaslamm felst í flutningi frumsamins ljóðs eða ljóða þar sem áherslan er ekki síður á flutninginn en á ljóðið sjálft.
Þannig telst hefðbundinn ljóðaupplestur ekki til ljóðaslamms, heldur er áherslan á ljóðaflutning sem sviðslist og miðað við að flytjandi eða flytjendur fari með ljóðið samhliða tónlist, myndlist eða leiklist. Hvort sem er einstaklingur eða hópur getur flutt ljóðið.
Aldurshópurinn sem ljóðaslammið miðast við er 13-18+ (efri mörk eru opin).
Skráningarfrestur er til 20. janúar 2008.

AFMÆLI Í DAG


Rod Taylor leikari, 1930,
Stanley Tucci leikstjóri, 1960.

Nýtt sýningaár er hafið hjá Listasafni Íslands

Erlend list og íslensk

Á nýju sýningaári mun Listasafn Íslands leitast við að búa til sýningar þar sem erlendir og íslenskir listamenn vinna saman, " segir Halldór Björn Runólfsson safnstjóri. Ákveðin skref verða tekin í þessa átt með næstu tveimur sýningum safnsins.

Eftir Kolbrúnu Bergþórsdóttur
kolbrun@24stundir.is



Halldór Björn Það verður mikið um að vera í Listasafninu Íslands þar sem hann er við stjórnvölinn.

24stundir/Frikki

„Þetta sýningaár einkennist af tilraunum til að fá erlenda listamenn og erlenda list inn í Listasafnið og leitast er við að búa til sýningar þar sem erlendir og íslenskir listamenn vinna saman," segir Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, um sýningaárið sem nú er að hefjast.

Dvöl í tímanum

Halldór segir ákveðin skref verða tekin í þessa átt með næstu tveimur sýningum safnsins. „Fyrsta sýning ársins hefst seint í febrúar og nefnist Streymið og þar sýna þrjár listakonur, Gabríela Friðriksdóttir, Guðný Rósa Ingimarsdóttir og svissneska listakonan Emmanuelle Antille. Verk þeirra eiga það sameiginlegt að vera fremur tímatengd en rýmistengd, það er að segja, þarna eru ekki þungir hlutir á ferðinni og þær byggja list sína á dvöl í tímanum. Á sýningunni verða myndbönd og teikningar ásamt skúlptúrum og málverkum," segir Halldór Björn.

Hin eilífa togstreita

„Um miðjan maímánuð verður opnuð sýning í tengslum við Listahátíð. Þar munum við leitast við að fá listamenn til að takast á við arkitektúr safnsins og jafnvel draga fram hina eilífu togstreitu milli myndlistar og húsagerðarlistar. Þar hafa menn ætíð tekist á um leiðir. Listamenn eru til dæmis stundum mjög óhressir þegar húsagerðarlistin er yfirþyrmandi í kringum sýningu þeirra og þá finnst þeim að hún sé að éta upp allt sem þeir eru að gera. Arkitektar eru svo óhressir með það að listamenn séu að fetta fingur út í hús þeirra. Sumir arkitektar, eins og Alvar Aalto forðum daga, hafa gengið svo langt að telja að það væri nóg að hafa arkitektúr, það þyrfti ekkert að hafa myndlist í góðu húsi. Aalto gekk svo langt að segja að teikniblokkin væri afhent af Guði til arkitektsins til að hann gæti teiknað hús.

Þarna sýna fimm listamenn, þrír íslenskir, Elín Hansdóttir, Finnbogi Pétursson og Steina Vasulka, og tveir erlendir, Monica Bonvicini frá Ítalíu og Franz West frá Austurríki."

Ný innslög í sumar

„Síðan tekur við sumarsýning, væntanlega með fullt af nýjum innslögum. Þar verður fyrst og fremst sýnd íslensk myndlist sem er í eigu safnsins og kannski verða þar einhver utanaðkomandi verk en það er ekki fullákveðið. Um haustið verður síðan sýning í tengslum við Kvikmyndahátíð í Reykjavík þar sem við fáum mjög þekkta listakonu, Shirin Neshat, til að sýna verk sín. Hún er írönsk en búsett í Bandaríkjunum og er meðal þekktustu vídeógerðarmanna heims. Um svipað leyti verður opnuð hér sýning á verkum úr Würth-safninu í Suður-Þýskalandi en það býr yfir feikilegri safneign upp á 10.000 verk eftir fjölmarga þekktustu listamenn heims, frá impressjónistunum fram til okkar daga. Þar verður reynt að bregða ljósi á það sem hefur verið að gerast mest og mikilvægast í list síðustu áratuga, en ekki heldur gleymt því sem henti á fyrri hluta síðustu aldar. Þannig að þetta verður mikil yfirlitssýning á list 20. aldar með aðaláherslu á þýska list undanfarinna áratuga," segir Halldór Björn.

SAFNIÐ

- **Síðan Listasafn Íslands reið á vaðið fyrst safna með að veita ókeypis aðgang árið 2006 þá hefur aðsókn aukist að safninu um 130 prósent.**
- **Listasafn Íslands gaf út fjórar listaverkabækur á síðastliðnu ári (2007) í tengslum við sýningar safnsins. Þær heita/eru eftir: Jóhann Briem, Jón Engilberts, Cobra Reykjavík og Kristján Davíðsson.**

MENNINGARMOLINN

Eignir Chaplins frystar

Á þessum degi árið 1927 voru eignir Charles Chaplins frystar eftir að eiginkona hans Lita Grey höfðaði skilnaðarmál á hendur honum. Skilnaðardeila þeirra var löng og grimmileg og Lita leyndi því ekki fyrir fjölmiðlum og umheiminum að eiginmaðurinn hefði oft haldið framhjá henni. Chaplin var gert að greiða henni hæstu bætur sem greiddar höfðu verið í skilnaðarmáli í Bandaríkjunum.

Lita og Chaplin kynntust þegar hún var tólf ára og hann rúmlega þrítugur en þá lék hún í einni kvikmynda hans. Hún var sextán ára gömul þegar hún varð barnshafandi. Af ótta við að vera dæmdur fyrir að hafa haft mök við barn undir lögaldri kvæntist Chaplin henni. Hjónabandið var dauðadæmt frá byrjun. Eftir þrjú ár skildu þau og höfðu þá eignast tvo syni. Lita gekk fjórum sinnum í hjónaband og lést árið 1995, 87 ára gömul.

